



Faghópur leikskólaliða

Ársfundur

Faghópur leikskólaliða í Eflingu-stéttafélagi héldu ársfund sinn þriðjudaginn 20. apríl 2010, fundurinn var haldinn í sal Ferðafélags Íslands Mörkinni 6, Reykjavík og hófst kl. 20:00.

Haldinn var haustfundur 17. nóvember 2009 en þá var Sr. Pálmi Matthíasson með erindi *Að leita gleðinnar*. Pálmi sagði margar góðar sögur um gleðina sem fékk leikskólaliða til að hlæja. Hann vitnaði í störf leikskólaliða í leikskólanum, sagði að þau væru mikilvæg og að leikskólaliðarnir hefðu púlsinn á ástandinu á þjóðfélaginu í gegnum börnin. Þess vegna væri mikilvægt að leikskólaliðar væru vel vakandi yfir líðan barnanna og horfðu ekki fram hjá því. Sigurrós Kristinsdóttir, í stjórn Faghóps leikskólaliða og varaformaður Eflingar var með kynningu á velferðarvaktinni. Svo var Þuríður Ingimundardóttir með hugmyndir af föndri í leikskólanum.

Ársfundur 20. apríl 2010.

Dagsskrá fundarins: venjuleg ársfundarstörf, skýrsla stjórnar, kosning stjórnar, High/Scope uppeldisstefnan kynnt, breyting gerð á stjórn leikskólaliða, ný stjórn kjörin.

Faghópur leikskólaliða er nú að hefja sitt þriðja starfsár. Þuríður Ingimundardóttir fundarstjóri og Erna Haraldsdóttir fóru yfir skýrslu stjórnar.

Á ársfundinum var gerð breyting á stjórn leikskólaliða, út fór Ruth Arelíusardóttir og Þuríður Ingimundardóttir og inn komu Harpa Ásgeirsdóttir og Aðalbjörg Jóhannesdóttir. Ný stjórn var kosin en í henni sitja þær Aðalbjörg Jóhannesdóttir, Elín Jónsdóttir, Erna Haraldsdóttir, Harpa Ásgeirsdóttir og tengiliður leikskólaliða við félagið er Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar.

Íris Dögg Jóhannesdóttir og Herdís Stephensen frá leikskólanum Mánagarði hjá Félagsstofnun Stúdenta kynntu High/Scope uppeldisstefnuna en þær hafa farið í 7 vikna nám í High/Scope

fræðum í Michigan í Bandaríkjunum. Í High/Scope er einblínt á styrkleika barnanna og getu og þau hvött til að koma hugmyndum sínum á framfæri og framkvæma þær. Börnin öðlast traust og frumkvæði, forvitni þeirra eykst, þau verða úrræðagóð, sjálfstæð og ábyrgðarfull er þau fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr. Virkir nemendur eru einbeittir og áhugasamir um eigin gjörðir og hugsanir. Þeir finna sér margt til dundurs og tala oft um það sem þeir ætla að gera. Börn í virku námsumhverfi taka ákvarðanir byggðar á eigin áhuga og eigin spurningum og þau fá tíma til að fylgja eigin áætlunum eftir. Þau eru í samskiptum við fólk sem þau deila hugmyndum sínum, athugunum og áætlunum og fá þau viðeigandi stuðning og hvatningu frá kennara verða þau sífellt virkari í eigin námi.

Fundargestir voru 40.